

Guðbjörn Jónsson



Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti
Hr. ráðherra, Steingrímur J. Sigfússon.

Reykjavík 4. nóvember 2012.

Þann 1. nóvember s. l. vakti frétt á Mbl.is athygli mína. Þar var greint frá því að Fiskistofa hefði staðfest **SÖLU** á milli landshluta á 1.000 tonna aflahlutdeild í þorski. Af þessum völdum vöknudum enn og aftur upp hjá mér spurningar, sem ég hef oft áður spurt og mun enn setja hér fram og óska svara við.

- 1. spurningin er:** Hvað er “Aflahlutdeild”. Hvar eru lögin um það hvað felist í nafngiftinni aflahlutdeild. Hvernig fer ferli eignamyndunar “aflahlutdeildar” fram og hvar er að finna lagaheimildir fyrir **SÖLU** hinnar meintu aflahlutdeildar, hvernig söluferlið fari fram, hverjir gefi út og undirriti sölusamninga og hver annist uppgjör á virðisaukaskatti vegna slíkrar sölu?

Samkvæmt athugun minni, tengdri fréttinni á Mbl.is, hefur Fiskistofa skráð eftirfarandi viðskipti milli eftirtalinnna skipa. Af þeirri verðlagningu sem fram kemur í fréttinni og einnig má sjá staðfestingu um á vef Fiskistofu, fóru þarna fram bein söluviðskipti á rétt rúmum mánuði, að áætluðu verðmæti **nú þúsund og ein milljón króna**. Virðisaukaskattur af þessum viðskiptum er því kr. 588.669.769.

Dags.	Frá skipi	Til skips	Tegund	Hlutdeild	Kíló	Heildarverð	Þar af VSK
21-09-12	Kleifaberg RE 7	Sólborg RE 270	Þorskur	0,0691783	109.006	239.813.200	15.683.783
26-09-12	Tjaldur SH	Sólborg RE 270	Þorskur	0,5659207	891.733	1.961.812.600	128.302.544
29-10-12	Guðmundur í Nesi RE	Sólborg RE 270	Þorskur	0,8500000	1.339.363	2.946.598.600	192.707.548
26-09-12	Sólborg RE 270	Hvanney SF 51	Þorskur	0,3175495	500.369	1.100.811.800	71.993.092
26-09-12	Sólborg RE 270	Skinney SF 20	Þorskur	0,3175495	500.369	1.100.811.800	71.993.092
31-10-12	Sólborg RE 270	Ljósafell SU 70	Þorskur	0,3175495	500.369	1.100.811.800	71.993.092
11-jan-12	Sólborg RE 270	Helgi SH 135	Þorskur	0,1587749	250.185	550.407.000	35.996.618
			Þorskur	2,5965224	4.091.394	9.001.066.800	588.669.769

- 2. spurning:** Í ljósi þess að ég er ellilífeyrisþegi, sem hef orðið fyrir lífeyrisskerðingum undanfarin ár, að sagt er vegna fjárskorts í ríkissjóði, leyfi ég mér að spyrja. Á vef Fiskistofu eru staðfestar upplýsingar um gífurlega mikla sölu aflaheimilda og aflahlutdeilda á undanförunum árum. Virðisaukaskattur af þeirri sölu skiptir nokkrum milljörðum króna. Öllum sem þekkja til sjávarútvegs er ljóst að kaup aflaheimilda eða aflahlutdeilda er grundvallarliður rekstrarkostnaðar og hljóðar upp á það magn fisks sem viðkomandi útgerð má veiða. Grundvallarþáttur rekstrarkostnaðar getur ekki verið undanþeginn virðisaukaskatti, enda

veit ég, með beinum hætti, að svo er ekki. Spurningin er því þessi. Hvað hindrar að af þeirri miklu aflamagnssölu, sem Fiskistofa skráir í magni og verði, að fram fari milli útgerðarféлага, sé innheimtur lögskipaður virðisaukaskattur?

- 3. Spurning:** Eins og fram kom í fréttinni á Mbl.is og þekkt er, skráir Fiskistofa allar **SÖLUR** aflaheimilda og aflahlutdeilda í verði og magni. Fiskistofa er ríkisstofnun, undir þínu ráðuneyti, og ber því að fara að gildandi lögum um meðferð ríkisfjármuna.

Í 29. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins segir svo:

Ráðstöfun eigna og samningar hjá A-hluta.

29. gr. Ríkisaðilar í A-hluta skulu hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma eftirtaldar eignir:

1. Fasteignir.

2. Eignarhluta í félögum.

3. Skip og flugvélar.

4. Söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti.

5. **Aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa og ekki falla undir 1.–4. tölul. þessarar málsgreinar, nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.**

Af því sem greinilega er skráð í framangreinda lagagrein er ljóst að Fiskistofa þurfti ótvírætt að leita **sjö sinnum** samþykkis Alþingis áður en henni var, lögum samkvæmt, heimilt að staðfesta **SÖLU** þeirra aflahlutdeilda sem þar er vísað til. Ekki hef ég geta fundið samþykki Alþingis fyrir þeirri **SÖLU** sem þarna fór fram. Með hliðsjón af þessum atriðum er 4. spurning mín þessi:

Samkvæmt hvaða lagaheimildum samþykkir Fiskistofa þær **SÖLUR** sem tilgreindar eru í skránni hér að framan. Vísast þar bæði til skyldu Fiskistofu til að virða lög nr. 88/1997 og stjórnarskrá lýðveldis okkar. Þá er einnig spurt hvaða heimildir hefur Fiskistofa til að staðfesta **SÖLU** á 4.091 tonni af þorski, **án þess að tilgreint sé hver upphæð virðisaukaskatts sé í hverjum viðskiptum, eins og skattalög kveða á um varðandi söluviðskipti.**

5. og lokaspurning er þessi: Þar sem framangreindar **SÖLUR** eru staðfestar af Fiskistofu eru sölupappírar þeirra viðskipta þar með orðin opinber gögn. Því óskast ég eftir afritum af hinum tilteknu sölusamningunum, með öllum tilheyrandi undirskriftum, þar með talið samþykki Alþingis.

Ég vænti umbeðinna afrita af sölusamningum og svara við þessum spurningum mínum eins fljótt og kostur er. Ég er tilbúinn að veita nánari upplýsingar um erindi þetta ef þörf krefur.

Virðingarfyllst

Guðbjörn Jónsson